

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 7. nóvember 2017.

Staður: Skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl. 17.05 og lauk kl. 18.35.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Magnús Gunnarsson, Þórunn Ansnes, Hörður Þorsteinsson, Viðar Halldórsson, Sveinn Sigurbergsson, Ragnar Hilmarsson og Ingvar Kristinsson. Forföll: Jóhann Óskar Borgþórsson.

Dagskrá:

- 1. Nýjar tölur úr Felixkerfi ÍSÍ fyrir árið 2016 úr starfsskýrslu ÍSÍ 2017 til skiptingar á lottótekjum til aðildarfélaganna ÍBH – tekið fyrir að nýju**
Farið yfir allar athugasemdir sem komu fram eftir síðasta stjórnarfund ÍBH með viðkomandi félögum og umsjónaraðila Felixkerfisins hjá ÍSÍ og þeim svarað. Samtals eru iðkendur 17 ára og yngri 7.732 og 18 ára og eldri 5.633. Samtals 13.365 iðkendur innan aðildarfélaganna ÍBH. Tölurnar samþykktar.
- 2. Þjónustusamningur ÍBH við Hafnarfjarðarbæ**
Drög frá 1. nóvember 2017 lögð fram til kynningar og samþykkt.
- 3. Drög að samstarfssamningi milli ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar**
Drög frá 12. október 2017 lögð fram til kynningar og umræðna.
Tillaga frá VH frá 19. október 2017 lögð fram til kynningar og umræðna.
- 4. Samningur milli ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar til eflingar íþróttastarfs yngri en 18 ára**
Drög frá 11. október 2017 lögð fram til kynningar og umræðna.
- 5. Samningur milli ÍBH og Rio Tinto til eflingar íþróttastarfs yngri en 18 ára**
Drög frá 31. október 2017 lögð fram til kynningar og umræðna.
Stjórn ÍBH samþykkir að bóka eftirfarandi yfirlýsingu varðandi samninginn og senda á bæjarráð Hafnarfjarðarbæjar og Rio Tinto á Íslandi:

Yfirlýsing varðandi samning ÍBH, Hafnarfjarðarbæjar og Rio Tinto til eflingar íþróttastarfi yngri iðkenda aðildarfélaganna ÍBH

Frá árinu 2002 hefur verið í gildi þríhliða samningur milli Íþróttabandalags Hafnarfjarðar, Hafnarfjarðarbæjar og Alcan á Íslandi (Ísals), síðar Rio Tinto til eflingar íþróttastarfi yngri iðkenda aðildarfélaganna ÍBH 16 ára og yngri. Í fyrirhuguðum nýjum samningi sem taka á gildi frá og með 1. janúar 2017 stendur til að hækka aldurinn um eitt ár og verður samningurinn þá fyrir iðkendur yngri en 18 ára. Íþróttabandalag Hafnarfjarðar óskar eindregið eftir því að samningurinn verði áfram þríhliða með tilliti til góðrar reynslu undanfarin ár. Samningurinn hefur verið gífurlega mikilvægur við að byggja upp öflugan íþróttahreyfingu í Hafnarfirði sem hefur undanfarin 25 ár náð mjög góðum forvarnarárangri, íþróttarárangri og mikilli almennri íþróttabátttöku. Samningurinn veitir stuðning vegna fjölda iðkenda sem stunda reglubundnar æfingar hjá aðildarfélögum ÍBH yfir árið, hvetur félög og íþróttagreinar til gerð námskráa og endurskoðun þeirra reglulega, hvetur félögin og íþróttagreinar til

að ráða hæfa menntaða þjálfara til starfa með börnum og unglíngum og hvetur félög og íþróttagreinir til að bæta hlut þess kyns sem hallar á innan félaga og íþróttagreinina. Án fjárhagslegsstuðnings fyrirtækja er ekki hægt að reka íþróttastarf á Íslandi nema að hækka enn meira kostnað á iðkendur / forráðamenn sem myndi án efa draga úr íþróttapátttöku og fjölbreytni. Öll árin sem eru orðin mörg, hefur verið mjög gott samstarf milli Íþróttabandalags Hafnarfjarðar, Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar um samninginn og samstarfið á bakvið hann og ber að þakka kærlega fyrir það.

6. Yfirlit lottógreiðslna til aðildarfélaga ÍBH frá desember 2016 til september 2017

Samþykkt.

7. Dagskrá formannafundar ÍSÍ 17. nóvember nk.

Lögð fram til kynningar. Hrafnkell formaður ÍBH og Elísabet framkvæmdastjóri ÍBH sækja fundinn.

8. Afreksmannasjóður ÍBH 2017 og næsta ár

Farið yfir úthlutanir frá 1. janúar 2017 til 6. nóvember 2017.

Ferðasjóður kr. 6.425.000.

Afreksstyrkir ungmenna kr. 1.020.000.

Afreksstyrkir fullorðnir kr. 4.200.000.

Evrópukeppni félagsliða kr. 4.800.000.

Samtals úthlutað kr. 16.445.000. Verkefnum 2017 ekki lokið.

Framlag Hafnarfjarðarbæjar 2017 var kr. 10.500.000.

Framlag ÍBH 2017 var kr. 1.500.000.

Varasjóður er búinn að greiða kr. 4.445.000 það sem af er árinu 2017.

Framundan er fundur með Hafnarfjarðarbæ um sjóðinn og framhaldið.

9. Aðildarumsókn íþróttabandalaga að UMFÍ

Var tekin fyrir á þingi UMFÍ dagana 14. og 15. október 2017 á Egilsstöðum.

Aðildarumsóknin var samþykkt. Lagabreytingar sem m.a. snúa að inngöngu íþróttabandalaga inn í UMFÍ ekki samþykktar. Niðurstaða þings UMFÍ varð, ákveðið að halda aukaping UMFÍ þar sem innganga íþróttabandalaga yrði eingöngu rædd. Ekki búið að ákveða dagsetningu og stað.

10. Niðurstöður nefndar bæjarráðs um aðstöðu til knattspyrnuíðkunar frá 19.10.2017

Lagðar fram til kynningar og umræðna.

11. Nýr formaður Siglingaklúbbsins Þyts

Gunnar Freyr Gunnarsson tók við sem formaður Siglingaklúbbsins Þyts af Pétri Th. Péturssyni sem hætti 10. október sl. Pétri er þakkað fyrir störf fyrir íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði og jafnframt er Gunnar Freyr boðinn velkominn til starfa.

12. Önnur mál

a). HM minnti fundarmenn á fulltrúaráðsfund ÍBH 25. nóvember nk.

b). HM minnti fundarmenn á jólafund og jólahlaðborð ÍBH 1. desember nk.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.